

Nd.

35. Frumvarp

til laga um lendingarbætur á Eyrarbakka.

Flutningsm.: Magnús Torfason, Jörundur Brynjólfsson.

1. gr.

Til lendingarbóta á Eyrarbakka skal úr rikissjóði veittur helmingur kostnaðar, eftir áætlun, sem atvinnumálaráðuneytið hefir samþykkt, þegar fé er til þess veitt í fjárlögum, allt að 80000 kr., gegn jafnmiklu tillagi annarsstaðar að. Fjárhæð þessi greiðist sýslunefnd Árnassýslu að jafnri tiltölu og sýslusjóður Árnassýslu leggur fram til lendingarbótanna.

2. gr.

Ríkisstjórninni veitist heimild til að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs lán, er sýslusjóður Árnassýslu kann að taka til lendingarbótanna. Lánsábyrgðin skal bundin því skilyrði, að yfirumsjón verksins og reikningshald sé falið manni, er atvinnumálaráðuneytið telur til þess færán.

3. gr.

Eigendur Skúmsstaða og Einarshafnar leggi fram, endurgjaldslaust, nauðsynlegt land til lendingarbótanna, uppsáturs, íveru- og fiskhúsa, allt að 20 þús. fermetrum, svo og land undir brautir og vegi, er nauðsynlegir kunna að þykja, ennfremur grjót, mól og önnur jarðefni, og þoli bótalaust þær eignakvaðir, óhagræði eða takmörkun á afnotarétti, sem lendingarbæturnar hafa í för með sér.

4. gr.

Meðfram strandlengjunni eða nálægt lendingarbótunum má ekki gera neitt mannvirki til lendingarbóta, né heldur halda þar úti bátum til útgerðar, nema samþykki sýslunefndar Árnassýslu komi til.

Brot gegn þessum ákvæðum varða sektum, 1000—10000 kr.

5. gr.

Framkvæmd lendingarmála og eftirlit með lendingunni hafa 3 menn, er sýslunefnd Árnassýslu kys. Skulu þeir kosnir til þriggja ára. Gengur einn úr árlega, fyrstu 2 árin eftir hlutkesti.

6. gr.

Eignum lendingarsjóðs má aðeins verja í þarfir lendingarinnar. Sýslusjóður Árnassýslu ábyrgist skuldir sjóðsins og sýslunefnd er ábyrg fyrir eignum lendingarinnar.

7. gr.

Sýslunefnd má ekki án leyfis atvinnumálaráðuneytisins selja eða veðsetja fasteignir lendingarsjóðs, kaupa nýjar fasteignir né taka lán til lengri tíma en svo, að þau verði greidd af tekjum næsta árs, né endurnýja slík lán, og heldur ekki gera mannvirki við lendinguna, svo stórvaxin, að árstekjur hrökkvi ekki til að koma þeim í framkvæmd.

8. gr.

Til þess að standa straum af kostnaði við byggingu og viðhald lendingarvirkjanna og til árlegs rekstrarkostnaðar lendingarinnar er heimilt að innheimta í lendingarsjóð Eyrarbakka allt að 6% af brúttóverði afla hvers báts, er haldið er úti til fiskiveiða á Eyrarbakka, svo og önnur gjöld, er ákveðin kunna að verða í reglugerð samkv. 12 gr.

Gjöld þessi má taka lögtaki, og ganga þau fyrir sjóveðum.

9. gr.

Reikningsár lendingarsjóðs er almanaksárið.

10. gr.

Fyrir 1. desembermánaðar ár hvert ber stjórn lendingarsjóðsins að semja áætlun um tekjur og gjöld sjóðsins næsta ár og senda hana atvinnumálaráðuneytinu til samþykkis.

11. gr.

Fyrir lok febrúarmánaðar ár hvert skal stjórn lendingarsjóðs gera reikning yfir tekjur og gjöld sjóðsins á liðnu ári. Reikninginn skal endurskoða og úrskurða á sama hátt og sveitarsjóðsreikninga.

12. gr.

Í reglugerð, sem sýslunefnd Árnassýslu semur og atvinnumálaráðuneytið staðfestir, skal kveða á um allt það, er lýtur að stjórn lendingarsjóðs, viðhaldi lendingarbóta, umferð og góðri reglu í lendingunni, skipagjöld og báta og bryggjugjöld og fleira, er þurfa þykir.

Í reglugerð má ákveða sektir fyrir brot gegn henni, 20—10000 kr. Sektir renna í lendingarsjóð.

13. gr.

Eignir núverandi lendingarsjóðs Eyrarbakka renna í hinn nýja lendingarsjóð, enda tekur hann að sér ábyrgð á skuldum hins.

14. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum og reglugerðum, er settar kunna að verða samkvæmt þeim, skal fara sem almenn lögreglumál.

Ákvæði um stundarsakir.

Til byrjunar á landgarðinum til þess að bægja sandburði úr Ölfusá má ríkisstjórnin, þegar ástæður ríkissjóðs leyfa, verja allt að 20 þús. kr. úr ríkissjóði, gegn jafnmiklu framlagi annarsstaðar að og öðrum sömu skilyrðum og í lögum þessum segir.

Greinargerð.

Undanfarin ár hefir borið á því, að sandburður úr Ölfusá hefir grynnað hafnarlegurnar við Eyrarbakka, og hefir það sýnilega ágerzt. Varð það til þess, að vitamálastjórnin samkv. ósk Bakkamanna athugaði, hvað gera mætti til að koma í veg fyrir árburðinn, og lét mæla fyrir garði, er á að bægja honum frá legunum. Fylgir umsögn vitamálastjóra þar um. Jafnframt hefir verið athugað, að með tiltölulega litlum endurbótum á innsiglingu og hafnarlegu muni mun stærri skip en nú geta hafnað sig fyrir innan skerjagarðinn. Mætti það verða til hins mesta hagræðis fyrir allt Suðurlendið, og þá eigi síður fyrir það, að unnið

er að því af kappi, nú er verðlag á erlendum vörum er orðið sæmilega stöðugt, að fá þær beint frá útlöndum, en að því er hin bezta búbot.

Fylgiskjal.

VITAMÁLASTJÓRINN.

Reykjavík, 17. febrúar 1931.

Lýsing og athugasemdir um sandvarnargarð Eyrarbakka.

Um 1700 m. fyrir vestan Eyrarbakka rennur Ölfusá til sjávar, og hefir árósin á síðastliðnum árum breytt stefnu meir og meir til austurs, en við það hefir sandburður austur með landinu aukizt að miklum mun. Bátaleiðin og sundin inn að kaupstaðnum gryn timer því ár frá ári, og mun skammt að bíða þess, að ekki fljóti þar vélbátar.

Síðastliðið sumar fór Finnbogi R. Þorvaldsson verkfræðingur til Eyrarbakka til þess að athuga, á hvern hátt ráða mætti bót á þessu. Dvaldi hann þar dagana 19. og 20. júlí og gerði nauðsynlegar mælingar. Eftir upplýsingum kunnugra manna og í samráði við þá, leizt honum svo á, að hindra mætti sandburðinn austur með landinu með því að gera garð við árósin, skáhallt fyrir árstrauminn og beina honum á þann hátt frá landi. Á meðfylgjandi uppdrætti B. 258 er sýnd lega og gerð garðsins.

Garðstæðið er valið þar, sem straumur úr ánni og sjávarfallið upp að landinu mætast um hálfvallinn sjó. Hefir þar myndast sandeyri við landið á síðustu árum. Annars eru á garðstæðinu sléttar hraunklappir, og hallar þeim lítið eitt frá landi.

Til þess að koma að tilætluðum notum þarf garðurinn að ná um 500 m. frá stórstraums flóðlínu. Hann yrði því mjög dýr, ef ekki væri gætt hagsýni við gerð hans og styrkleika. Hann getur orðið fyrir áreynslu frá báðum hliðum og verður því að vera vel traustur. Hhðar garðsins verður að gera með fláa, svo að brim og isrek nái sem minnstum tókum á honum. Það verður því ekki unnt að spara efni til hans með öðru móti en því, að takmarka hæðina, og þar sem garðinum einungis er ætlað að hindra sandburð úr ánni inn i sundin, mun nægja að hafa hann um 1½ m. á hæð, og má þá hækka hann síðar með tiltölulega litlum tilkostnaði, ef sandur hleðst svo að honum, að árstraumurinn ber sand yfir hann.

Eins og sýnt er á uppdrættinum, er gert ráð fyrir, að á sandeyrinni við landið muni nægja að reka niður staura og þilja á milli þeirra, en fyrir framan eyrina er garðurinn á 460 m. lengd gerður úr steypu og grjóti. Hann er 1½ m. á hæð, 25 cm. þykkur efst, og halli á báðum hliðum 1 : 1.

Kostnaðaráætlun.

Grenitré 5,0 m. ³ á kr. 100.00	500 kr.
Fura 6,8 m. ³ á kr. 150.00	1020 —
Að grafa niður staura 36 stk. á kr. 20.00	720 —
Trésmíði 6,8 m. ³ á kr. 40.00	272 —
Grjótborin steypa 1 : 2 1/2 : 4 1210 m. ³ á kr. 50.00	60500 —
Verkstjórn og ófyrirséð	9488 —

Samtals 72500 kr.

Th. Krabbe.